

# HEIMIR

V. úrgangur

WINNIPEG, 1909.

9. blað.

## Þeir Ekkjar

Þeir EKKJAR bjuggu við Úlfdala-sæ,  
við einstaðingsskapinn og tómlegan bæ,—  
því Ólrún og Svanhvít og Alvitur, bornar  
á andléttum svanavæng, þeim voru horfnar,  
—sem sæblámi vorlags og sólskin á tindi—  
með sjö ára kærleik og heimilis-yndi.

En Egill og Slagfinnur skriðu á skeið  
á skíðunum niðri, um bygðir og heið.  
Þeir eltust við svífandi sönginn og fleygann,  
þeir seildust af jörðu að taka 'ann og eiga 'ann.

En sífellt slapp veidin úr vænglausum höndum  
í vonbráða-hvörf út í framtíðar-löndum.

En bauga sló Völundur — byr undir væng,—  
í baðstofu-kulda og ekkjumanns sæng.  
Því þráin hans skildi það: Alvitri eiga,  
að engum var dælt nema Völundi fleyga.—